

Júní 2024



Áherslur Íslands í framkvæmdastjórn Matvæla og landbúnaðarstofnunar SP (FAO Council) 2024-2026

Útgefandi:

Stjórnarráð Íslands

Áherslur Íslands í framkvæmdastjórn Matvæla og landbúnaðarstofnunar Sp 2024-2026

Júní 2024

<https://www.stjornarradid.is/sendiskrifstofur/fastanefnd-islands-i-rom/um-sendiskrifstofu/>

Umbrot og textavinnsla:

Stjórnarráð Íslands

©2022 Stjórnarráð Íslands

Efnisyfirlit


1. Inngangur	5
2. Áherslusvið, forgangsmál og tækifæri	7
3. Málafni hafsins	9
3.1 Áhrif loftslagsbreytinga á hafið - áhrif hafsins á loftslagsbreytingar	9
3.2 Fiskimálanefnd FAO (COFI) og Fiskimáladeild (Fisheries and Aquaculture Division – NFI).....	9
3.3 Undirnefnd FAO um fiskveiðistjórnun (SCFM)	9
3.4 Plastmengun í hafi	10
4. Fæðuöryggi	11
4.1 Bláfæða og fæðuöryggi.....	11
4.2 Vinna gegn fæðusóun.....	11
4.3 Styrkja starf svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana.....	11
5. Betri lífskjör, umhverfi og sjálfbærni samfélaga	12
5.1 Styrkja stöðu kvenna í fiskveiðum og -iðnaði	12
5.2 Landeyðing og landgræðsla.....	12
5.3 Skaðlegir ríkisstyrkir í sjávarútvegi (Harmful fisheries subsidies).....	12
5.4 One Health – „ein heilsa“	12
6. Tækifæri	13
7. Ábyrgð og verksvið	14
7.1 Norræni ríkjahópurinn	14
7.2 Evrópski ríkjahópurinn	15
7.3 Skyldur	15
8. Vegvísar við stefnumótun (Guiding Principles)	16
8.1 Heimsmarkmið SP.....	16
8.2 FAO Strategic Framework 2022-2031.....	16
8.3 Stefna Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu 2024-2028.....	16

Myndaskrá

Mynd 1 - Skipurit FAO	5
Mynd 2 - Áherslumál Íslands.....	8
Mynd 3 - Heimsmarkmið Sp.....	16

1. Inngangur

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) var stofnuð árið 1945. Umboð stofnunarinnar felur í sér aðgerðir sem tryggja fæðuöryggi fyrir alla með það að markmiði að binda endi á hungur í heiminum. Æðsta ákvörðunarvald innan FAO liggur hjá FAO ráðstefnunni (FAO Conference) sem haldin er á tveggja ára fresti, næst 28. júní - 4. júlí 2025. Ráðstefnuna sitja öll aðildarríkin 194 auk Evrópusambandsins (sem er fullur aðili að stofnuninni án atkvæðisréttar) og tekur hún ákvarðanir í öllum helstu málefnum stofnunarinnar. Þar sem ráðstefnan er einungis haldin á tveggja ára fresti er ákvörðunarvald í málefnum stofnunarinnar á milli ráðstefnanna í höndum sérstaks framkvæmdaráðs, FAO ráðsins (FAO Council) sem í sitja 49 ríki hverju sinni.



Mynd 1 - Skipurit FAO

Sætunum 49 í FAO ráðinu er deilt niður á ríkjahópana innan stofnunarinnar: Afríka á 12 sæti, Asía 9, Evrópa 10, S-Ameríka og karabísku eyjarnar 9, Mið-Austurlönd 6, N-Ameríka 2 og SV-Kyrrahafsríkin 1. Einstök ríki geta boðið sig fram í sæti sem ríkjahópur þess á rétt á í ráðinu og er kosið milli frambjóðenda á FAO ráðstefnunni.

Evrópski ríkjahópurinn, sem Ísland er hluti af, gerði hins vegar samkomulag innan hópsins árið 2014 um skiptifyrirkomulag við útteilingu sætanna þannig að öll ríki hópsins fá að sitja í ráðinu með reglulegu millibili. Af þeim sökum er vanalega ekki kosið í sæti Evrópuríkjahópanna, því að bara þau ríki sem eiga rétt á sæti skv. fyrirkomulaginu tilkynna um framboð og eru sjálfkjörin. Ísland sat síðast í FAO ráðinu árin 2014 – 2017 og á samkvæmt skiptilíkani evrópska ríkjahópsins næst að fá sæti í ráðinu árin 2029 – 2032.

Samkvæmt skiptifyrirkomulaginu áttu Rússland, Króatía og Holland að taka þrjú sæti á vegum evrópska ríkjahópsins í ráðinu frá 1. júlí 2024, en seta Rússlands átti að vera til tveggja ára. Meirihluti ríkjanna 48 í evrópska ríkjahópnum taldi hins vegar að innrás Rússlands í Úkraínu fæli í sér grundvallarbrot Rússlands á alþjóðalögum og -samþykktum, þ.m.t. grundvallarreglum FAO og vildi því ekki hleypa Rússlandi í slíka valdastöðu. Því leitaði meirihluti ríkjahópsins til Íslands um að bjóða sig fram í sætið sem annars hefði verið úthlutað Rússlandi. Ástæður þess að leitað var til Íslands eru að Ísland nýtur virðingar sem ábyrgt, norrænt ríki, er ekki ESB ríki og var ekki nýbúið eða við það að taka sæti í ráðinu skv. skiptifyrirkomulaginu. Ísland bauð sig þess vegna fram til viðbótar við ríkin þrjú sem áttu að fá sæti skv. skiptifyrirkomulaginu, svo að kosið var milli fjögurra Evrópuríkja í þrjú sæti Evrópska ríkjahópsins: Króatíu, Hollands, Íslands og Rússlands.

Ákvörðun um framboð var tekin með innan við mánaðar fyrirvara að áeggjan sendinefndar Evrópusambandsins (ESB), formennsku Svíþjóðar í ESB, Bandaríkjanna og Frakklands. En það var einnig stutt af miklum meirihluta evrópska ríkjahópsins eða um 43 ríkjum þess af 48, öllum ESB ríkjunum, ásamt Bandaríkjunum, Kanada, Bretlandi, Japan, Nýja Sjálandi og fleiri líkt þenkjandi ríkjum.

Kosningabarátta hófst tveim vikum fyrir kosningar, þegar ljóst var að Rússland myndi hvorki draga sig til baka né vilja skipta á sætum við ríki sem ætti öruggt sæti eftir nokkur ár. Snörp kosningabarátta skilaði sér eftirfarandi niðurstöðum:

- 151** ríki greiddi atkvæði
- 134** atkvæði tóku efnislega afstöðu (með eða á móti)
- 16** ríki sátu hjá
- 1** atkvæði var ógilt
- 68** atkvæði þurfti til að fá meirihluta
- Króatía fékk **130** atkvæði
- Holland fékk **122** atkvæði
- Ísland fékk **95** atkvæði
- Rússland fékk **55** atkvæði.

Kosning Íslands í ráðið er formlega séð fyrir þriggja ára tímabilið 1. júlí 2024 til 30. júní 2027 en Ísland mun einungis sitja fyrstu tvö árin því að Spánn tekur við síðasta árið, frá 1. júlí 2026 til 30. júní 2027, skv. innra samkomulagi evrópska ríkjahópsins.

2. Áherslusvið, forgangangsmál og tækifæri


Í fyrri stjórnarsetum hefur Ísland lagt áherslu á aðgerðir gegn ólöglegum, ótilkynntum og óstýrðum veiðum (IUU fishing) og umhverfismerkingar sjávarafurða; mikilvægi sjávarafurða fyrir fæðuöryggi í heiminum; aukið samstarf við þær stofnanir SP sem vinna að sömu markmiðum og GRÓ-skólarnir; jafnréttismál og valdeflingu kvenna; landgræðslu, jarðvegsmál og endurheimt landgæða. Flest þessara mála eiga enn erindi í umræðuna og í þeim er samhljómur með heimsmarkmiðum SP, stefnumiðum FAO og nýrri stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu 2024 – 2028.

Næstu tvö árin sitja tvö norræn ríki í stjórninni (2024 – 2026), Noregur og Ísland. Vinna þarf náði með fulltrúa Noregs og má ætla að ákveðin verkaskipting skapist innan norræna hópsins. Einnig skapist tækifæri til að þróa sameiginleg áherslumál og auk þannig slagkraft Norðurlandanna innan stjórnar. Ísland er þekkt fyrir áherslu sína á hafið, sjávarútvegsmál og sjálfbærar fiskveiðar og eðlilegt er að leggja áherslu á þessi mál í stjórnarsetu Íslands í FAO, þeirri alþjóðastofnun sem fer með málefni alþjóðlegrar fiskveiðistjórnunar.

Málefni FAO eru fjölbreytt og önnur kjarnamálefni í utanríkisstefnu Íslands þurfa einnig að eiga sinn sess í málflutningi Íslands, til að mynda áhersla á mannréttindi, jafnrétti, réttindi barna, græna orku og réttlát orkuskipti og umhverfismál.

Seta Íslands í stjórn FAO veitir Íslandi færi á að fylgja eftir almennum áherslum sem varða starfsemi og rekstur stofnunarinnar, sem geta einnig og eftir atvikum átt við um starfsemi annarra stofnana SP. Þar á meðal er áhersla á vandaða stjórnarhætti, gagnsæi, jafnræði og setningu skýrra mælikvarða á árangur, ásamt eftirfylgni sem tengist almenntri markmiðasetningu og mati á því hvernig miðar. Nefndir FAO-ráðsins eru m.a. vettvangur umræðu og skoðanaskipta um slík atriði, þar sem mikilvægt er að veita framkvæmdastjórn FAO stuðning og aðhald.

Er því lagt upp með eftirfarandi áhersluatriði fyrir setu Íslands í stjórn FAO fyrir tímabilið 2024-2026. eru áherslurnar útlistaðar að neðan.



Mynd 2 - Áherslumál Íslands

3. Málefni hafsins

3.1 Áhrif loftslagsbreytinga á hafið - áhrif hafsins á loftslagsbreytingar

Loftslagsbreytingar hafa bein og merkjanleg áhrif á hafið, viðkvæm vistkerfi þess og fiskistofna. Hraðri hlýnun sjávar fylgja margvíslegar breytingar, því sjávarhiti hefur stöðug og mikil áhrif á lífverur sjávar. Áhrif veðurfars á hita og seltu hafsins ræður miklu um framvindu gróðurs og vaxtaskilyrði fyrir svífdýr í sjónum og þar með nytjastofna. Hlýnun sjávar getur breytt útbreiðslusvæðum og hrygningar- og fæðuslóð ýmissa fiskitegunda. Súrnun sjávar getur líka haft alvarlegar afleiðingar fyrir lífríki hafsins. Hafið getur líka verið mikilvægur þáttur í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og því þarf að beina sjónum að tengingunni milli loftslagsbreytinga og hafsins. Ísland sem eyrki með ríka sjávarútvegs-hagsmuni og áherslu á umhverfismál ætti að gera þessa tengingu að áhersluatriði í sinni setu í FAO ráðinu 2024 – 2026

3.2 Fiskimálanefnd FAO (COFI) og Fiskimáladeild (Fisheries and Aquaculture Division – NFI)

Nefnd FAO um fiskveiðar er ein mikilvægasta nefnd FAO hvað varðar hagsmuni Íslands og leggja íslensk stjórnvöld áherslu á að styrkja starf hennar en frekar. Ísland mun því vinna að því að FAO eigi frumkvæði að virkara samstarfi milli stofnunarinnar og samnings um líffræðilega fjölbreytni (CBD) með það að markmiði að auka þekkingu innan CBD á verksviði FAO hvað varðar fiskveiðar og stjórnun hafsvæða.

Ísland á ekki sæti í stjórn (bureau) COFI en fastafulltrúi mun sækja um áheyrnaraðild að stjórn COFI sem formaður hennar getur veitt, og taka þátt í fundum stjórnar COFI á þeim forsendum. Lagt hefur verið til að fulltrúi Íslands sækist í kjölfarið eftir evrópska sætinu í stjórn COFI fyrir tímabilið 2026 – 2028, sem fyrsti varaformaður COFI, og verði í framboði til formanns COFI (f.h. OECD hópsins) fyrir tímabilið 2028 – 2030 sem hluti af næstu stjórnarsetu Íslands.

Ísland hefur lagt höfuðáherslu á starf Fiskimáladeildar FAO. Stofnanamenning FAO gefur landbúnaðarhlutanum heldur meira vægi en fiskimálahlutanum. Því er mikilvægt að íslenskur fastafulltrúi haldi áfram að rækta sambandið við Fiskimáladeildina og leiti leiða til að efla starf hennar, auk þess sem hann vinni að því í víðara starfi stofnunarinnar að tryggja að Fiskimáladeildin fái aukið vægi innan FAO.

3.3 Undirnefnd FAO um fiskveiðistjórnun (SCFM)

Undirnefnd COFI um fiskveiðistjórnun (Sub-Committee on Fisheries Management, SCFM) tók formlega til starfa í janúar 2024 og er leidd af íslenskum formanni. Nefndinni er ætlað að styðja við starf FAO á sviði fiskveiðistjórnunar og vera vettvangur fyrir umræður sérfræðinga og skapa þeim tækifæri til að koma að efnislegri vinnu FAO um fiskveiðar. Undirnefndinni er einnig ætlað að veita sérfræðingum aðildarríkjanna tækifæri til að deila bestu starfsháttum og nýjungum á þessu sviði.

Formaður nefndarinnar skal tryggja jafnvægi í umræðunni milli: smábátaveiða og stórtækari veiða; strandveiða og úthafsveiða; fiskveiðistjórnunarkerfa í þróun og þeirra sem þegar eru þróuð; málefna með hnattræna skírskotun og svæðisbundinna málefna.

3.4 Plastmengun í hafi

Plastmengun í hafi og vötnum er alvarlegt alþjóðlegt vandamál sem þarfnast tafarlausra viðbragða. Plastefni eru sterk og endingargóð og eyðast ekki í náttúrunni heldur brotna niður í sífellt smærri einingar sem finnast í hreiðrum fugla, í meltingarvegi skeldýra og fylgjum spendýra. Á vettvangi Umhverfisstofnunar SP (UNEP) standa yfir samningaviðræður um gerð nýs og metnaðarfulls samnings um aðgerðir gegn plastmengun sem tekur til alls ferlisins frá framleiðslu til förgunar. Ísland er aðili að svokölluð metnaðarbandalagi 65 ríkja sem vilja leggja sitt af mörkum til að vinna bug á plastmenguninni fyrir árið 2040. Ísland hefur einnig verið gestgjafi tveggja alþjóðlegra ráðstefna um plast í norðurhöfum, vorið 2021 og haustið 2023. Hugsanlega verður þriðja plastráðstefnan haldin á Íslandi í apríl 2026. Seta í stjórn FAO er tækifæri til að halda á lofti nauðsyn aðgerða gegn plastmengun.

4. Fæðuöryggi

4.1 Bláfæða og fæðuöryggi

Bláfæðubandalagið (Aquatic Blue Food Coalition) var stofnað í kjölfar leiðtogafundar um fæðukerfi 2021. Ísland ljær bandalaginu formann, en það vinnur að hnattrænni viðurkenningu á mikilvægi fæðu úr höfum og vötnum til að næra sívaxandi fólksfjölda heimsins. Starf Bláfæðubandalagsins helst í hendur við stefnu FAO um Bláu umbreytinguna (Blue Transformation) 2022 – 2030, sem miðar að því að fæða úr höfum og vötnum auki fæðuöryggi. Það er gert með umbreytingu á framleiðslu, stjórnun, sölu og neyslu á fæðu úr höfum og vötnum, til að ná Sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

4.2 Vinna gegn fæðusóun

Einn þriðji af allri fæðu sem er framleidd í heiminum er sóað, hún skemmist eða er hent. Viðkvæm fæða eins og sjávarfang er í sérstakri hættu að skemmast ef meðhöndlun hennar, flutningur eða geymsla er röng eða ábótavant. Styðja þarf við verkefni og aðgerðir sem miða að því að minnka fæðusóun, styrkja virðiskeðjur og halda á lofti hugmyndum og aðgerðum á Íslandi sem miða að 100% nýtingu sjávarfangs.

4.3 Styrkja starf svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana

Svæðisbundnar fiskveiðistjórnunarstofnanir sem starfa á grundvelli úthafsveiðisamnings Sameinuðu þjóðanna eru mjög misjafnlega vel starfandi. Ísland hefur óskað eftir úttekt frá FAO á starfi þeirra og helstu áskorunum og ljóst er að sumar þeirra þurfa á stuðningi að halda. Mikilvægt er að vekja athygli á mikilvægi þessara stofnana fyrir ábyrga og sjálfbæra fiskveiðistjórnun og þegar úttektin liggur fyrir leggja fram tillögur um stuðning á grundvelli niðurstaðna hennar. Jafnframt má virkja samstarf við Sjávarútvegsskóla GRÓ.

5. Betri líf skjör, umhverfi og sjálfbærni samfélaga

5.1 Styrkja stöðu kvenna í fiskveiðum og -iðnaði

Konur eru meira en helmingur starfsfólks í sjávarútvegi og fiskiðnaði en staða þeirra, bæði félagslega og efnahagslega, í fiskveiðum og fiskvinnslu hefur verið of veik. Þær eru oft í verst launuðu og ótryggustu störfunum innan greinarinnar og búa við óréttlæti og jafnvel grófa mismunun. Málflutningur Íslands miðar að því að vekja athygli á þessari stöðu og vinna að úrbótum í samstarfi við Jafnréttisskóla og Sjávarútvegsskóla Gró.

5.2 Landeyðing og landgræðsla

Loftslagsbreytingar auka landeyðingu og eru birtingarmyndir vandans meiri úrkomuákefð, flóð, tíðari þurrkar og hitabylgjur, aukið álag frá vindi, öldugangi og hærri sjávarstaða ásamt aukinni landnotkun. FAO hýsir alþjóðlegt samstarf sem nefnist Global Soil Partnership, sem stofnað var árið 2012 með það að markmiði að koma umræðu um jarðveg inn í alþjóðlega umræðu og vinna að sjálfbærri jarðvegsstýringu. Í því felst m.a. að tryggja framleiðni jarðvegarins m.t.t. ræktunar og fæðuöryggis, loftslagsbreytinga aðlögunar og mótvægisáðgerða. Ísland á aðild að þessu samstarfi og gefur stjórnarsetan tilefni til að auka þessa áherslu.

5.3 Skaðlegir ríkisstyrkir í sjávarútvegi (Harmful fisheries subsidies)

Sögulegt samkomulag náðist um afnám skaðlegra ríkisstyrkja við sjávarútveg á ráðherrafundi Alþjóða viðskiptastofnunarinnar (WTO) í Genf í júní 2022. Samkomulagið bannar ríkisstyrki til veiða úr ofveiddum stofnum og er þannig skref í átt til sjálfbærari fiskveiða. Því er einnig ætlað að koma í veg fyrir ríkisstyrktar, ólöglegar, ótilkynntar og óstýrðar veiðar (IUU-fishing). 110 af 164 aðildarríkjum WTO þurfa að fullgilda samkomulagið til að það gangi í gildi. 75 ríki hafa fullgilt samkomulagið og vitað er að ferlið stendur yfir í 15 ríkjum til viðbótar. Standa vonir til þess að samkomulagið gangi í gildi á árinu 2024. Seinni hluta samningsins er ólokið en vonir eru bundnar við að því ferli ljúki í sumar (2024).

Sjálfbær nýting auðlinda í samræmi við lög og reglur eru allra hagur. Málflutningur Íslands miðar að því að halda á lofti mikilvægi samkomulagsins og fullgildingar þess.

5.4 One Health – „ein heilsa“

„Ein heilsa“ er stefna sem hefur að markmiði heilbrigði alls lífkerfis heimsins. Hún felur í sér samþætta nálgun sem miðar að sjálfbærri jafnvægi milli heilsu fólks, dýra og vistkerfa. Þar sem tengsl heilbrigðis manna, dýra, plantna og umhverfis í víðari skilningi eru viðurkennd forsenda þess að efla vellíðan ásamt hreinu vatni, orku og lofti, næringu og aðgerðum gegn loftslagsvánni. „Ein heilsa“ er hluti af áherslu FAO á betri framleiðslu sem skref í átt til fæðuöryggis.

6. Tækifæri

Meðfram setu Íslands í FAO ráðinu skapast tækifæri til að styrkja vinnu Íslands að málefnum FAO innanlands, til að mynda með:

Stofnun innlends samráðshóps um málefni FAO: Í hópnum ættu sæti hagsmunaaðilar úr sjávarútvegi, landbúnaði og stjórnsýslu. Ísland mun eiga sæti í FAO-ráðinu í fimm ár á næsta átta ára tímabili (2024 – 2026 og 2029 – 2032) og því mikilvægt að skapa vettvang til samráðs bæði innanlands og við FAO og undirnefndir um málefni sem hæst ber á vettvangi FAO eða gagnlegt væri að taka upp á þeim vettvangi.

Fá aðalframkvæmdastjóra FAO til Íslands 2025 eða 2026: Aðalframkvæmdastjóri FAO, Qu Dongyu, hefur ítrekað lýst yfir áhuga á að heimsækja Íslands, t.a.m. í tengslum við leiðtoga viklu allsherjarþings SP í New York í september ár hvert. Stjórnarsetan er kjörið tækifæri til að bjóða Dongyu til Íslands.

Styrkja fundi/viðburði Bláfæðubandalagsins: Ísland hefur verið í formennsku Bláfæðubandalagsins ([Aquatic Blue Food Coalition](#)) frá því að það var stofnað, í kjölfar Fæðuferlaleiðtogafundarins í New York í september 2021. Fundir samstarfsins eru að mestu rafrænir en staðfundir hafa verið haldnir í tengslum við aðra haftengda viðburði. Fyrirhugað er að Ísland haldi formennskunni áfram a.m.k. til ársins 2025, en það ár fer einnig fram Hafráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Nice í Frakklandi. Bandalagið hefur hlotið mikinn stuðning og er vaxandi afl á sviði fæðuöflunar. Leggja ætti áherslu á það málefni meðan á stjórnarsetu Íslands stendur. Halda mætti fund Bláfæðubandalagsins á Íslandi t.d. vorið 2025, þar sem nýr formaður kynnr sig í aðdraganda Hafráðstefnunnar í Nice.

Bláfæðubandalagið stendur jafnan fyrir viðburðum í tengslum við fundi COFI, Hafráðstefnu SP og Our Oceans o.fl. Styrkja mætti slíka viðburði bandalagsins og undirstrika þannig mikilvægi þess.

7. Ábyrgð og verksvið

Seta í ráðinu krefst þess að fylgst sé vel með störfum nefnda ráðsins (Programme Committee, Finance Committee og Committee on Constitutional and Legal Matters) og málefnum sem þar eru efst á baugi. Bæði Programme Committee og Finance Committee funda eftir þörfum, en slíkt getur verið 2-7 sinnum yfir árið. Committee on Constitutional and Legal Matters fundar annað hvert ár.

Sömuleiðis þarf að fylgjast vel með tækninefndum FAO (Committee on Agriculture, Committee on Commodity Problems, Committee on Fisheries, Committee on Forestry) og undirnefndum þeirra. Nefndirnar halda að jafnaði formlega fundi annað hvert ár og undirnefndir þeirra funda árið sem móðurnefndirnar funda ekki. Milli funda hjá bæði móður- og undirnefndum hittast stjórnir nefndanna/undirnefndanna (Bureau) og sinna ýmsum verkefnum og afgreiðslu mála sem síðan eru teknar ákvarðanir um í nefndunum og svo eftir atvikum í FAO ráðinu og endanlega á FAO ráðstefnunni.

Ísland hefur lagt höfuðáherslu á starf Fiskimáladeildar FAO (FAO Fisheries and Aquaculture Division – NFI). Stofnanamenning FAO hefur hins vegar gefið landbúnaðarhlutanum heldur meira vægi og því er þeim mun mikilvægara að íslenskur fastafulltrúi haldi áfram að rækta sambandið við Fiskimáladeildina og leiti leiða til að efla starf hennar.

Fæðuöryggisnefndin (Committee on Food Security) er ekki hluti af strúktúr FAO, en eigi að síður afar mikilvæg, jafnt fyrir fastafulltrúa sem og íslenskan formann Bláfæðubandalagsins.

Fastafulltrúar Íslands hafa átt í virku samtali við Samræmingarskrifstofu smá eyríkja (SIDS – Small Island Developing States) hjá FAO frá því hún var opnuð árið 2019 og mikilvægt að halda því samtali áfram.

7.1 Norræni ríkjahópurinn

Það Norðurlandanna sem situr í framkvæmdastjórn FAO (FAO Council) hverju sinni (Noregur 2023 – 26) hefur skyldum að gegna gagnvart hinum Norðurlöndunum og er mikilvægt að rækta tengslin við fastafulltrúa þeirra. Fulltrúi í framkvæmdastjórninni leiðir norræna hópinn gagnvart stofnuninni og situr reglulega samráðsfundi formans framkvæmdastjórnarinnar ásamt öðrum formönnum svæðahópa. Fulltrúi Norðurlandanna í ráðinu sér um að gera drög að, samræma og flytja ávörp sem eru að jafnaði 2-5 á hverjum fundi ráðsins. Ekki er hefð fyrir því að tala undir öllum dagskrárliðum, lögð er áhersla á stærri mál.

Til viðbótar við formlega fundi hópsins, hafa norrænu ríkin með sér óformlega samráðsfundi þar sem verkefnum er skipt og bornar saman bækur.

Noregur situr í norrænu sæti (sem telst sem eitt af 10 sætum evrópska ríkjahópsins í ráðinu) frá 2023 – 2026, en næsta reglulega seta Íslands í FAO ráðinu verður árin 2029 – 2032.

7.2 Evrópski ríkjahópurinn

Evrópski ríkjahópurinn hittist að jafnaði á 1-2 mánaða fresti og eru þeir fundir mikil upplýsingaveita um það sem er að gerast í undirnefndum stjórnarinnar. Fulltrúar Evrópu í hinum ýmsu nefndum gefa hópnum skýrslur. Formennska í hópnum fer á milli aðildarríkjanna eftir stafrófsröð sex mánuði í senn. Slóvakía tók við keflinu af Serbíu um áramótin 2023 – 2024. Formennskan sér um að miðla upplýsingum um málefni innan FAO, boða samráðsfundi, samstillta ákvarðanir varðandi tilnefningar í nefndir og ráð og er málsvari ríkjahópsins ef á þarf að halda.

7.3 Skyldur

Ísland var kosið til setu í FAO ráðinu við erfiðar aðstæður þar sem í raun var kosið milli Íslands og Rússlands. Ísland naut sterks stuðnings frá mörgum vinarríkjum, þ.m.t. virks stuðnings og aðstoðar við atkvæðaöflun frá Bandaríkjunum, norrænu ríkjunum, Bretlandi, Frakklandi, Evrópusambandsríkjunum, Hollandi, o.fl. Þessi stuðningur og örugg niðurstaða kosninganna staðfesti það góða álit og virðingu sem Ísland og fulltrúar þess hjá FAO njóta sem traustir bandamenn í starfi hjá stofnuninni.

Um leið leggur það Íslandi þær skyldur á herðar að axla ábyrgðina og standa sig vel í stjórnarsetunni. Slíkt tekst einungis með einbeittri vinnu og faglegri þekkingu á þeim málefnasviðum sem fjallað er um hverju sinni, vönduðum undirbúningi bæði hjá starfsmönnum fastanefndarinnar í Róm og stuðningsnetinu á Íslandi, skeleggum málflutningi sem og góðri samvinnu við önnur ríki á vettvangi FAO.

Þótt FAO sé sérhæfð stofnun Sameinuðu þjóðanna og oft og tíðum mjög tæknileg í sínu starfi, eru verkefni hennar, fyrst og fremst að vinna gegn hungri, bæta næringu og auka fæðuöryggi í heiminum, í eðli sínu alþjóðapólitísk. Mikil áhersla er lögð á að ná sameiginlegum niðurstöðum innan FAO, en pólitík getur haft neikvæð áhrif og stundum er ógreinilegt hvar mörkin milli árangursríkrar framsetningar afstöðu og ólguvaldandi málflutnings liggja. Einn af styrkleikum Íslands er að hafa sértækari og óumdeildari hagsmuni en mörg önnur aðildarríki stofnunarinnar, en það kann að gefa tækifæri til að reyna að tala fyrir sátt og málamiðlunum þegar hagsmunaárekstrar eða -átök eiga sér stað.

8. Vegvísar við stefnumótun (Guiding Principles)

8.1 Heimsmarkmið SP



Mynd 3 - Heimsmarkmið SP

8.2 FAO Strategic Framework 2022-2031

[Stefnu FAO fyrir tímabilið 2022-2031](#) er ætlað að styðja heimsmarkmið SP með það að markmiði að gjörbreyta framleiðsluferli landbúnaðarafurða, þ.m.t. sjávarafurða, gera það skilvirkar og sjálfbærara, stuðla að bættum lífskjörum og næringu fólks og seiglu samfélaga. Áherslan er mest á heimsmarkmið 1 (útrýmingu fátæktar), 2 (útrýmingu hungurs), og 10 (dregið úr ójöfnuði), þó alls ekki sé litið framhjá mikilvægi hinna. Slagorðin „Hin fjögur betri: Betri framleiðsla, Betri næring, Betra umhverfi, Betra líf“ (The Four Betters: Better Production, Better Nutrition, Better Environment, Better Life) og „allir með/enginn skilinn eftir“ (leave no one behind) eru áberandi í stefnunni.

Bláa umbreytingin (Blue Transformation) leiðarvísir 2022 – 2030

[Bláa umbreytingin; leiðarvísir 2022 – 2030; Framtíðarsýn fyrir vinnu FAO að fæðukerfum hafs og vatna](#), byggist á stefnu FAO 2022 – 2031 og siglir í kjölfar yfirlýsingar COFI frá 2021 um sjálfbærar fiskveiðar og -eldi. Bláa umbreytingin rammur inn þættina sem nauðsynlegir eru til að hámarka framlag fæðukerfa hafs og vatna og ná sjálfbærnimarkmiðum SP.

8.3 Stefna Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu 2024-2028

Lögð er áhersla á að samþætta kynja- og umhverfissjónarmið með hagsæld, jöfnuð og stöðugleika samfélaga að leiðarljósi í [Stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu 2024 - 2028](#) sem samþykkt var á alþingi 15. desember 2023. Stefnumiðum í jafnréttismálum verði fylgt eftir með framgang heimsmarkmiðanna í huga. Uppbygging mannauðs og samfélagslegra grunnstoða þjóni þar lykilhlutverki. Í stefnunni er ennfremur lögð áhersla á alþjóðasamvinnu til lausnar á loftslagsvandinum og sjálfbæra nýtingu lands og sjávar.

